

## AUGLÝSING um umferð um Hvalfjarðargöng.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum vegamálastjóra hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjarðargöng:

1. að hámarkshraði verði 70 km/klst.;
2. að öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, umferð reiðmanna og rekstur búfjár, verði bönnuð nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra;
3. að takmarkanir á flutningi með hættuleg efni miðist við reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010. Í reglugerðinni, XV. viðauka, er farmur flokkaður með tilliti til flutnings um jarðgöng. Um Hvalfjarðargöng skal eftirfarandi gilda:  
„Jarðgangaflokkur B“ séu ekki frekari takmarkanir auglýstar. Þetta merkir meðal annars að flutningur á eldfimu gasi í stórum tönkum og sprengiefni yfir 1.000 kg sé bannaður.  
„Jarðgangaflokkur D“: Kl. 10.00 – 22.00 föstudaga, laugardaga og sunnudaga, kl. 15.00 – 20.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.  
Jafnframt eftirfarandi hátíðir sem og daginn fyrir og eftir þær eins og um sunnudaga sé að ræða: páskar, hvítasunna og verslunarmannahelgi. Gildir aðeins fyrir eftirtalin efni: UN-nr. 1202 dísilolíu, UN-nr. 1203 bensín og UN-nr. 1863 flugvélældsneyti;
4. að akstur dráttarvéla og vinnuvéla verði bannaður á sömu tínum og jarðgangaflokkur D er í gildi, samkvæmt lið 3.

Setja skal upp viðeigandi umferðarmerki, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 1292/2017 um umferð um Hvalfjarðargöng, nr. 1292/2017.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 7. ágúst 2018.*

**Hulda Elsa Björgvinsdóttir** staðengill lögreglustjóra.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. ágúst 2018